

Raforkumálastjóri
Vatnamælingar

Skilagrein 192

I S H R Ö N N P J Ö R S Á R

við

U R R I D A F O S S

1959/1960

Reykjavík, 8. febr. '60
S. Rist

Ishrönn í Pjórsá við Urriðafoss

Þessi skilagrein er gerð hinn 5. febrúar. Hér á skrifstofunni hjá mér er staddir Haraldur Einarsson frá Urriðafossi og hann lýsir hér ishrönninni í Pjórsá nú það sem af er vetrinum. Haraldi farast orð á þessa leið:

Síðustu dagana fyrir jólin tók Pjórsá að hækka og um 23. og 24. var hækjunin komin upp að Urriðafossi, Þ.e.a.s. hún er jöfn upp að fossinum að neðan. Samfellt, frauókennt ishröngl lá yfir ána þar fyrir neðan. Þessi staða hélt nær óbreytt fram yfir áramótin. Hinn 5. janúar bra til þíðviðris og suðaustan áttar með rigningu, og þá óx vatn Pjórsár mjög og áin hreinsaði sig fyrir neðan fossinn og fram á móts við Egilsstaði. Um miðjan janúar tók áin að hækka á ný og naði hæstri stöðu hinn 18. um kl. 12 og var þá í kvóta 21,5 við fasta merkið hjá Urriðafoss-læknum. Kl. 18 sama dag var áin 1 m lægri, en þá gekk eðg niður að ánni með S. Rist, sem kom þá að Urriðafossi. Hinn 19. janúar lækkæði vatnsstaðan, sem svaraði hæð fossins, Þ.e.a.s. hún er í sömu hæð og hún naði hinn 24. desember, eins og að framan er lýst. Hinn 20. janúar engar breytingar. Á tímabilinu 21. og út mánuðinn óbreytt undan Egilsstöðum, en auði állinn fyrir neðan fossinn át sig lengra niður eftir niður undir flúðirnar ofan við háspennulinuna. Það sem af er febrúar hefur hrönnin sigið og lækkað nokkuð. Fyrir ofan Urriðafoss er áin alauð sem um hásumar, enda eru frostmjög væg og frostleysur annað veifið. Af og til dettur úr hrannarveggnum og ísfyllur steypast út í ána, sem hún bryður eða skolar burt og færir alltaf meira og meira út hinn auða ál. Nú er svo komið, að hrönnin er eingöngu landföst og áin má heita landahrein fyrir neðan Urriðafoss. Göt eru komin á ísinn hér og þar undan Egilsstöðum og um verulega þvingun af ísnum og hækkun á vatnsstöðunni er vart að ræða.

Samkvæmt dagbók Haraldar Einarssonar, Urriðafossi.